

Borgarráð

Viðauki við samkomulag íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar og Hörpu ohf

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi viðauka við samkomulag Reykjavíkurborgar, íslenska ríkisins og Hörpu ohf um framlengingu og endurskoðun á sérstökum framlögum um eitt ár eða til ársloka 2017. Með viðaukanum er annars vegar leyst úr bráðavanda Hörpu til að tryggja greiðsluhæfi félagsins til skamms tíma og hins vegar sett af stað ítarleg rýning á rekstri Hörpu með það að markmiði að bæta reksturinn og koma honum í sem sjálfbærast horf til lengri tíma. Niðurstöður rekstrarrýningarinnar eiga að liggja fyrir í október 2017.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Viðauki við samkomulag íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar og Hörpu ohf vegna tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, dags. 23. maí 2017.

Samkomulag vegna tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, dags. 6. mars 2013.

VIÐAUKI VIÐ SAMKOMULAG

Íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar og Hörpu ohf vegna tónlistar- og ráðstefnuhússins
Hörpu um framlengingu og endurskoðun sérstakra fjárframlaga frá 1.1.2017-31.12.2017

Hinn 6. mars 2013 gerðu Íslenska ríkið, Reykjavíkurborg og Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. með sér samkomulag sem miðaði að því að skjóta stoðum undir rekstur Hörpu með það að markmiði að hann yrði eins sjálfbær og kostur er.


Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að rýna rekstrarforsendur félagsins að nýju í ljósi rekstrarafkomu þess undanfarin ár með það fyrir augum að skapa félaginu raunhæfari rekstrargrundvöll. Til að mæta kröfum eigenda um að bæta rekstur félagsins, munu stjórnendur Hörpu leggja fram fyrir 1. október 2017 ítarlega greiningu á rekstri félagsins, tillögur um hagræðingu og mismunandi sviðsmyndir um hvernig hægt verði að koma honum í sem sjálfbærast horf til lengri tíma litið. Munu samningsaðilar gera verklýsingu varðandi þá greiningu og fulltrúar eigenda munu taka þátt í greiningarvinnunni eftir því sem þurfa þykir.

Í ljósi þess að rýning á rekstrarmálum félagsins og samþykkt nauðsynlegra breytinga í framhaldinu mun taka nokkra mánuði eru fulltrúar eigenda sammála um nauðsyn þess að grípa þurfi strax til tímabundinna aðgerða til að mæta lausafjárvanda félagsins. Samningsaðilar hafa af þessum sökum samþykkt að gera eftirfarandi viðauka við upphaflegt samkomulag:


„Til viðbótar við framlög skv. 3. gr. munu fjármála- og efnahagsráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs og Reykjavíkurborg leggja Hörpu til allt að 450 m.kr. framlag vegna ársins 2017 til að mæta lausafjárvanda Hörpu. Gildistími samkomulagsins er framlengt til 31. desember 2017 og gilda ákvæði þess með þeirri undantekningu að greiðslur taka ekki breytingum miðað við vísitölu neysluverðs.“


Reykjavík, 23. maí 2017

f.h. ríkissjóðs, með fyrirvara um
samþykki Alþingis


f.h. Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

f.h. Reykjavíkurborgar, með fyrirvara
um samþykki borgarstjórnar





Íslenska ríkið, Reykjavíkurborg og Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf., kt. 660805-1250,
Austurbakka 2, 101 Reykjavík („félagið“) gera með sér eftirfarandi

SAMKOMULAG

vegna tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu („Harpa“).

1. gr.

Tilgangur samkomulagsins

Tilgangur samkomulags þessa er að skjóta stoðum undir rekstur Hörpu með það að markmiði að reksturinn verði eins sjálfbær og kostur er.

2. gr.

Umbreyting eigendalána í hlutafé

Eigendalánnum, alls að fjárhæð kr. 793.626.000.- við undirritun þessa samkomulags, verður breytt í hlutafé í félaginu. Með þeirri umbreytingu styrkja eigendur fjárhagsgrundvöll Hörpu og skapa félaginu eðlilegt svigrúm með tilliti til eiginfjárþarfar félagsins.

Hlutafjárlaukningu í félaginu á grundvelli þessa ákvæðis skal lokið innan mánaðar frá dagsetningu samkomulags þessa.

3. gr.

Sérstök fjárframlög í allt að 4 ár

Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg munu samkvæmt samkomulagi þessu leggja Hörpu til sérstök árleg framlög að fjárhæð kr. 160.000.000 í allt að 4 ár eða fyrir árin 2013-2016.

Ofangreind fjárframlög skiptast milli eigenda í réttu hlutfalli við eignarhlut þeirra í félaginu og greiðast Hörpu mánaðalega inná eftirfarandi bankareikning Hörpu 101-26-051250.

Fjárhæð framlaga tekur mánaðarlegum breytingum miðað við vísitölu neysluverðs í desember 2012 sem er 400,7 stig.

Þegar niðurstaða liggur fyrir í þegar höfðuðu dómsmáli um réttmæti álagðra fasteignaskatta og niðurstöður rekstrar félagsins liggja fyrir munu samningsaðilar taka framlög samkvæmt ákvæði þessu til endurskoðunar með hliðsjón af þeim niðurstöðum og tilgangi samkomulagsins, sbr. 1. gr.

Reykjavík, 6. mars 2013

f.h. ríkissjóðs

Hatna Jónsd.

f.h. Reykjavíkurborgar

Jón Gunnar

f.h. Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Helga Guðmund

Fylgiskjal:

1. Rekstraráætlun Hörpu 2012-2016